

Fiskeldi Austfjarða hf. (áður Laxar ehf.)
Strandgötu 18
735 Eskifirði

Reykjavík, 25.3.2025
UST202401-299/F.T.
08.12.02

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun vegna frávíka í eftirliti

Umhverfis- og orkustofnun vísar í bréf sitt frá 12.8.2024, þar sem fram kom að frávík hefðu verið skráð í eftirliti hjá Fiskeldi Austfjarða, Bakka í Ölfusi, þann 25.6.2024. Þann 5.2.2025 barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

Við eftirlit var eitt eldra frávík enn opið:

- Gr. 3.4 í starfsleyfi. Losun heildarfosfórs var yfir mörkum starfsleyfis og aukning á svifögnum í frárennsli er yfir mörkum starfsleyfis. Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila átti að taka sýni hvern fjórðung ársins þar sem fosfór og TS á að mæla frá fiskimykju og skrá. Samkvæmt fulltrúum rekstraraðila hafa niðurstöður þessara mælinga ekki skilað sér til rekstraraðila.
Niðurstöður mælinga hafa nú borist stofnuninni. Frávikinu telst lokið.

Frávikin eru eftirfarandi:

1. Gr. 4.4 í starfsleyfi. Rekstraraðila ber að skila inn losun á nitri í ársyfirliti og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár.
Í úrbótaáætlun rekstraraðila kemur fram að unnið sé að því að uppfæra verklagsreglu sem tengist ársyfirliti, þar sem tekið er fram að mælingar varðandi losun niturs komi fram. Ársyfirlit sem verður skilað fyrir 1. maí 2025 muni innihalda losun niturs.
2. Gr. 3.4 í starfsleyfi. Mismunur á sýrustigi í frárennsli var yfir mörkum starfsleyfis í sýnatökum sem fóru fram 30.5.2023 og 3.10.2023.
Samkvæmt rekstraraðila er leitað lausna til að draga úr þeim mismun á sýrustigi sem verður frá inntaki til eins metra fjarlægð frá útrás. Á Bakka séu nú tvær tromlusíur sem sjá um að hreinsa fráveituvatn og vonast er til að það muni skila betri niðurstöðum árið 2025.
3. Gr. 3.4 í starfsleyfi. Gildi ammóníaks í frárennsli var yfir mörkum starfsleyfis í sýnatöku sem fóru fram 30.5.2023 og 3.10.2023.

Samkvæmt rekstraraðila er leitað lausna til að draga úr þeim mismun á ammoníaki sem verður frá inntaki til eins metra fjarlægð frá útrás. Á Bakka séu nú tvær tromlusíur sem sjá um að hreinsa fráveituvatn og vonast er til að það muni skila betri niðurstöðum árið 2025.

Umhverfis- og orkustofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti Umhverfis- og orkustofnunar.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfis- og orkustofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllt

Auður Eyberg Helgadóttir
sérfræðingur

Frigg Thorlacius
lögfræðingur